

Breyting

136
17. des.

á erindisbrjefi fyrir yfirsildarmatsmenn frá 10. júlí 1914.

19. gr. í erindisbrjefi 10. júlí 1914 fyrir yfirsildarmatsmenn skal vera svohljóðandi:

Yfirmatsmennirnir eru fjórir. Einn á Akureyri og nær umdæmi hans frá hreppamörkum Þóróddsstaðahrepps og Svarfaðardalshrepps í Eyjafjarðarsýslu austur að Langanesi, svo og frá Djúpavogi að Reykjanesi, annar á Siglufirði, og nær umdæmi hans frá nefndum hreppamörkum vestur að Horni, svo og frá Öndverðanesi að Reykjanesi, þriðji á Ísafirði, og hefir hann til yfirsóknar svæðið milli Horns og Öndverðaness, og fjórði á Seyðisfirði, er hefir til yfirsóknar svæðið milli Langaness og Djúpavogs, að honum meðtöldum.

Yfirmatsmennirnir fá laun, ferðakostnað og fæðispeninga úr landssjóði samkvæmt lögum um skoðun á sild 20. október 1913, 8. gr., og lögum um viðauka við þau lög 3. nóvember 1915. Þeim er stranglega bannað að taka á móti nokkurri þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem metið er fyrir, frá skipstjórum eða öðrum, sem um sildina eða sildveiðaskipin eða sildarútflutningsskipin eiga að sjá, annari en borgun þeirri, sem ákveðin er í framangreindum lögum.

I stjórnarráði Íslands, 17. desember 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.

If. er fangamark yfirsildarmatsmannsins á Ísafirði.

Sef. er fangamark yfirsildarmatsmannsins á Seyðisfirði.